

Fimmti fundur Skólanefndar Framhaldsskólans á Laugum haldinn á skrifstofu skólameistara miðvikudaginn 19. september 2018 klukkan 15:00.

Mættir: Bryndís Ívarsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Hanna Sigrún Helgadóttir, fulltrúi kennara, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Baldur B. Daníelsson sem ritaði fundargerð.

1. Upphaf skólaárs

Skólastarfið fer vel af stað. Busun með hefðbundnum hætti var felld niður, en þess í stað var haldin móttökuhátíð fyrir nýnema m.a. með ýmsum þrautum.

2. Starfsmannahald

Skólameistari fór yfir helstu breytingar á starfsmannahaldi frá síðasta vetri.

3. Samstarf við Þingeyjarskóla

Á komandi vetri verður aukið samstarf við Þingeyjarskóla fyrir nemendur í 8-10. bekk, frá því sem áður hefur verið. Nemendur mæta tvisvar í viku, annars vegar í raungreinakennslu og hins vegar í íþróttagrein og fleira.

4. Nemendafjöldi 87

- a. 4 nemendur eru á Vopnafirði
- b. 2 nemendur eru á Þórshöfn (ekki í fullu námi)
- c. 2 nemendur úr Fjarmentaskólanum
- d. 10 nemendur úr Þingeyjarskóla
- e. 1 nemandi er frá Hrafnagili
- f. 5 nemendur eru utan skóla
- g. 60 nemendur eru á heimavist
- h. 3 nemendur eru utan vistar

5. Fjármál

- a. 2017

Ársreikningur fyrir 2017 liggur nú fyrir. Afkoma ársins er jákvæð og betri en reiknað var með. Reikningurinn hefur þó ekki verið staðfestur m.a. á meðan beðið er eftir skýringum er lúta að *tekjufærslu frestaðra tekna fyrri ára*.

- b. 2018

Eins og staðan er um þessar mundir er skólinn um 500 þús kr fram úr heimildum.

6. Agamál

Agamál eru heilt yfir í mjög góðu lagi, með örfáum undantekningum.

7. Afmæli

Framhaldsskólinn á Laugum á 30 ára afmæli nú í haust. Af því tilefni stendur til að vera með sameiginlega dagskrá með Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit þann 1. desember á 100 ára fullveldisafmæli landsins.

8. Tónkvísl, Landinn og önnur markaðsmál

Til stendur að halda grunnskólamótið í október. Þá stendur til að heimsækja alla grunnskóla frá Djúpavogi í Borgarfjörð. Ákveðið hefur verið að leita eftir samstarfi við bæði Færeyinga og Grænlandinga með það að markmiði að bjóða þeim þátttöku í Tónkvíslinni.

9. Önnur mál

- a) Verið er að vinna að bættu netsamband í Tröllasteini.
- b) Næsti fundur er áætlaður þann 31. október klukkan 15:00 á skrifstofu skólameistara.